

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Reyðarfjörður (innra svæði)



Dags eftirlits	15.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Nesbala 122	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Eiðsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Ísak Örn Guðmundsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu, varðar að framleiðslan árið 2024 var 8.116.716 kg sem er 2.117 tonn yfir leyfilegri framleiðslu. Engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í innanverðum Reyðarfirði.

Fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Reyðarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun 19. janúar 2012, breytt þann 25. ágúst 2020 og gildir til 31. janúar 2028.

Starfsleyfið tekur til framleiðslu á allt að 6.000 tonnum af laxi á ári.

Dagskrá eftirlits

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu árið 2024 en ein ábending var gerð: Vöktunaráætlun hafði ekki verið uppfærð og var rekstraraðila bent á að vöktunaráætlun samþykkt af eftirlitsaðila skyldi vera til staðar. Vöktunaráætlun barst stofnuninni 28. janúar sl. og er í yfirlestri hjá Umhverfis- og orkustofnun. Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2024 var skilað inn 30. apríl sl. Framleiðsla ársins 2024 var 8.116.716 kg sem er tæplega 2.117 tonnum meira en leyfilegt er skv. starfsleyfi og er því skráð frávik þar um.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits 2026 var sent rekstraraðila. Engar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti.

- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

- Önnur mál

Engin önnur mál voru bókuð.

- Skoðunarferð.

Farið var í skoðunarferð í kvíar og pramma á Bjargi og Sigmundarhúsum. Engin frávik komu fram og engar ábendingar settar fram.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 6.000 tonn af laxi á ári í sjókvímum í Reyðarfirði. Framleiðslan árið 2024 var 8.116.716 kg sem er 2.117 tonn yfir leyfilegri framleiðslu.

ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru settar fram.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.11.2025

Sigr. Keistinsd

Sigríður Kristinsdóttir